


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Listir og menning líðandi stundar LIM203 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Helga Björg Jónasardóttir	Sk.st.	HBJ
Viðtalstími	miðvikudagar kl. 9:40-10:20		

Áfangalýsing:

Nemandinn kynnr sér menningarumhverfi samtíma síns. Farið verður í skilgreiningar á algengum hugtökum í menningarumræðu samtímans og ólík viðhorf sem birtast í þeirri umræðu kynnt. Námið byggist á virkri þátttöku nemandans og frumkvæði þar sem hann kynnist því sem er að gerast í menningarlífinu og metur það út frá eigin forsendum og fjallar um í hópi samnemenda. **Hlutverk kennarans er að aðstoða nemendur við undirbúning og úrvinnslu athugana sinna** með því að tengja þær við hugmyndafræði og menningarsögu.

Markmið: Að nemandinn...

- skoði og skilgreini listir og menningu líðandi stundar
- geti kynnt athuganir sínar og niðurstöður á skilmerkilegan og fjölbreyttan hátt
- geti tekið þátt í umræðu um listir og menningu
- geti lagt mat á eigin upplifanir og borið saman við ólík viðhorf
- þjálfist í skilningi og notkun hugtaka sem tengjast lista- og menningargeiranum

Í lok annar á nemandinn að..

- geta greint, borið saman, og gagnrýnt hönnun, listviðburði, lífsstíl eða fjölmiðla í samtímanum.
- geta fjallað um stöðu listar og hönnunar út frá menningar- og sögulegu samhengi geta fjallað um ólík listform í samhengi við hefðir, tækifæri, boðsskap, nýjar stefnur og lífsstíl.
- geta rætt fagurfræðileg og tákfræðileg álitamál og áttað sig á möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun.
- geta rætt álitamál þar að lútandi.

Námsgögn:

Úrklippu/skissu/glósubók sem nemendur útvega og/eða búa til. Námsefni á moodle og annað efni lagt til af kennara.


Símar: velkomnir til náms en annars geymdir í símakassa í kennslustundum.

Námslýsing: Kennarinn fjallar um efnið með fyrirlestrum, vettvangsferðum, umræðum og verkefnavinnu. Nemendur fá verkefni sem þeir vinna sem einstaklingar og/eða í hópum.

Gestafyrirlesarar fjalla um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum.

Verkefnavinnan, gestafyrirlestrarnir og ýmislegt það sem vekur athygli kennara og nemenda og tengist viðfangsefnum áfangans verður til umræðu í tímum og leitast verður við að skapa rökræður um viðfangsefnið.

Innkaup: Úrklippubók og hugsanlega einn leikhúsmiði.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Listir og menning líðandi stundar LIM203	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
Námsáætlun haustönn 2015		

Áætlun um yfirferð:

Yfirferð ræðst að viðburðum líðandi stundar auk ítarefnis sem finna má á moodle-síðu áfangans. Vettvangsferðir, fyrirlestrar, listviðburðir, fjölmiðlar og dægurmenning koma meðal annars við sögu. Nemendur skulu sækja þrjá gestafyrirlestra sem skólinn stendur fyrir með kynningum starfandi listamanna. Vettvangsferðir fela meðal annars í sér upplifun listsýninga, tónleika, leiksýninga og annarra menningarviðburða, heimsóknir í menningarstofnanir, fyrirtæki og vinnustofur listamanna. Nemendur skulu skrásetja og tjá sig um alla ofangreinda þætti í úrklippubók.

Verkefni:

Úrklippubók - Nemandinn býr til úrklippubók (myndmál/ritmál/úrklippur) þar sem hann safnar saman ýmsu menningartengdu efni úr fjölmiðlum sem vekur áhuga hans og skrifar um það athugasemdir eða setur fram á annan þann hátt sem hann kys. Í úrklippubókina vinnur hann einnig klippimyndir (Collage) um ákveðin viðfangsefni. Hver nemandi hennar sína bók á persónulegan hátt og má hún vera í rafrænu formi eða öðru sem hentar.

Nemendatímar – Kennslustundir skipulagðar af nemendum í litlum hópum. Hópurinn velur viðfangsefni út frá áhugasviði og hugstormun.

Námsmat:

Próflaus áfangi. Metin er þáttaka nemanda, virkni, vinnuframlag og frumkvæði.

Mikið er lagt upp úr opinni og rannsakandi hugsun og umræðu og því nauðsynlegt að við sýnum hvert öðru virðingu og vinnum gegn hverskyns fordómum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Fræðilegt	Verkefni - gestafyrirlestrar	30%
Úrklippubók	Tímaverkefni	20%
	Úrklippur/skissur – eigin pælingar	20%
	Heildarhönnun	10%
Frammistaða á önn	Ástundun, virkni,	5%
	Nemendatímar, kennslustund og umfjöllun skipulögð af nemendum í litlum hópum	10%
Viðburðir	Þátttaka í atburðum utan skóla (nemendur fá frí í tímum á móti)	5%

Með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel

Helga

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils